



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Krandar og nelar

Fleirtölumyndun 3-4 ára barna eftir beygingarflokkum.

Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku

Ásdís Geirsdóttir
Janúar 2016

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska

Krandar og nelar

Fleirtölumyndun 3-4 ára barna eftir beygingarflokkum.

Ásdís Geirsdóttir
Kt.: 030588-2829

Leiðbeinandi: Jóhannes Gísli Jónsson
Janúar 2016

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Viðfangsefni ritgerðarinnar er fleirtölumyndun nafnorða hjá börnum á aldrinum 3-4 ára. Fleirtölumyndun er mismunandi eftir nafnorðum og fer m.a. eftir kyni og beygingarflokk. Sumir flokkar eru algengari en aðrir og það kemur skýrt fram í barnamáli. Sem dæmi þá alhæfa börn oft fleirtöluendinguna *-ar* yfir á orð sem fengju annars aðra fleirtöluendingu, en *-ar* er algengasta fleirtöluending sterkra og veikra karlkynsorða. Fyrst um sinn alhæfa börn algengustu beygingarendingar málsins en tileinka sér með tíð og tíma flóknari og sértækari reglur.

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að fleirtölumyndun barna á þessum aldri er að einhverju leyti einstaklingsbundin og óháð aldri þeirra en skýringin gæti verið sú að of fá börn voru könnuð, þ.e.a.s. of fá svo hægt væri að draga ályktanir sem tengjast aldri. Algengast er að 3-4 ára börn noti eintölumyndina óbreytta þegar þau mynda fleirtölu, sérstaklega ef þau þekkja ekki orðið. Þetta á við um alla beygingarflokkana nema flokk veikra karlkynsorða. Á þessum aldri er algengt að börn alhæfi fleirtöluendinguna *-ar* og noti hana til að mynda fleirtölu sterkra karlkyns- og kvenkynsorða. Þau eiga auðveldast með fleirtöluendinguna *-ar* í beygingarflokki sterkra og veikra karlkynsorða (sbr. *hundar* og *fánar*) og næst auðveldast með endinguna *-ur* í flokki veikra kvenkynsorða (sbr. *konur*). Notkun endingarinnar *-ir* í flokki sterkra karlkyns- og kvenkynsorða er þeim erfið og á það bæði við um sterk karlkynsorð (sbr. *selir*) og sterk kvenkynsorð (sbr. *hurðir*). Orð sem hafa óreglulega beygingu og tilheyra sjaldgæfum beygingarflokkum eru börnunum þó erfiðastir (sbr. *sög*). Að auki eiga þau erfitt með þau orð sem hafa breytingu í stofni, t.d. hljóðvarp og brottfallsreglu (sbr. *tjald* og *hamar*).

Niðurstöður þessarar rannsóknar staðfesta niðurstöður fyrri rannsókna á sama efni að miklu leyti. Algengustu fleirtölubeygingarnar eru t.d. þær sömu hér og í fyrri rannsóknum ásamt því að sömu hljóðkerfisleg frávík koma fram. Í fyrri rannsóknum hefur þó komið fram að þróun fleirtölu sé mest hjá börnum á aldrinum 3-4 ára enda voru fleiri börn könnuð í þeim en í þessari rannsókn. Börn á þessum aldri hafa ekki tileinkað sér margar reglur hvað fleirtölumyndun varðar og nota ýmist eintölumyndina óbreytta þegar þau mynda fleirtölu eða alhæfa algengar beygingarendingar eins og *-ur* yfir á aðra beygingarflokka. Að auki sýna niðurstöðurnar að beygingarendingar sem eru óalgengar og tilheyra aðeins einum beygingarflokk reynast börnunum erfiðar, ásamt

orðum sem hafa óreglulega beygingu eða þau orð sem þurfa að fá einhverja breytingu í stofni til að mynda fleirtöluna.

Formáli

Áhugi minn á íslensku kviknaði snemma á skólagöngu minni en áhugi á barnamáli byrjaði ekki fyrr en ég eignaðist sjálf barn árið 2010. Áhuginn jókst eftir því sem líða tók á íslenskunámið og þá sérstaklega þegar ég sat námskeiðið *Máltaka barna* hjá Sigríði Sigurjónsdóttur. Þegar kom að því að velja viðfangsefni fyrir B.A.-ritgerðina kom lítið annað til greina en að rannsaka barnamál. Í samráði við leiðbeinanda minn, Jóhannes Gísla Jónsson, ákváð ég að skrifa um fleirtölumyndun barna, en það var eitt af þeim viðfangsefnum sem ég hafði komið auga á í máltöku dóttur minnar. Kann ég honum bestu þakkir fyrir góða og lærdómsríka leiðsögn við skrifin. Öllum þátttakendum rannsóknarinnar, bæði börnum og fullorðnum, er ég mjög þakklát því án þeirra hefði hún ekki orðið að veruleika.

Að lokum vil ég þakka foreldrum mínum fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu í náminu öllu. Systur mínum, Bergdís og Heiðdís, fyrir alla aðstoðina, bæði með stelpurnar og námið. Alberti Gissurarsyni sambýlismanni mínum og dætrum mínum tveim fyrir stuðning, hvatningu og sérstaka þolinmæði á meðan námi stóð. Dætur mínar eru mín helsta hvatning í náminu og tileinka ég þeim, Kristínu Dalrós og Dísellu, þessa ritgerð.

Efnisyfirlit

Ágrip

Formáli

Efnisyfirlit	5
2 Inngangur.....	7
3 Beygingarflokkun nafnorða	8
3.1 Sterk beyging karlkynsorða	10
3.2 Veik beyging karlkynsorða	11
3.3 Sterk beyging kvenkynsorða.....	11
3.4 Veik beyging kvenkynsorða	12
3.5 Sterk beyging hvorugkynsorða	12
3.6 Veik beyging hvorugkynsorða.....	12
3.7 Samantekt um beygingarflokkana	13
4 Fyrri rannsóknir á fleirtölu í máli barna	14
4.1 Jean Berko-Gleason	14
4.2 Fyrsta athugun á fleirtölu í barnamáli.....	15
4.3 Athugun Indriða Gíslasonar o.fl. á fleirtölu íslenskra barna.....	16
4.4 Samantekt.....	19
5 Efni og aðferðir.....	20
5.1 Þátttakendur	20
5.2 Framkvæmd	20
5.3 Prófgögn.....	21
5.3.1 Orðalisti.....	22
5.4 Úrvinnsla gagna	24
6 Niðurstöður	25
6.1 Úrlausnir barnanna eftir aldri.....	25
6.2 Úrlausnir fullorðinna.....	26
6.3 Úrlausnir barnanna og fullorðinna eftir beygingarflokkum.....	27

6.3.1	Svör barnanna.....	27
6.3.2	Svör fullorðinna.....	29
6.4	Karlkynsorð	31
6.5	Kvenkynsorð.....	33
6.6	Hvorugkynsorð	34
6.7	Samantekt.....	34
7	Niðurlag.....	37
8	Heimildaskrá.....	40

2 Inngangur

Undanfarin 30 ára hafa fræðimenn sýnt máltöku barna aukinn áhuga. Tungumálið er flókið kerfi reglna og tákna en þrátt fyrir það virðast börn tileinka sér tungumál á skömmum tíma og nánast fyrirhafnarlaust.¹ Fleirtölumyndun í máli barna er eitt af viðfangsefnum máltökunnar sem hefur verið kannað meðal fræðimanna. Þeir hafa velt fyrir sér hvernig börn sem læra málið ákvarði fleirtölu orða, hvort einhver regla eða reglur liggi að baki sem gera fleirtöluendinguna fyrirsegjanlega eða hvort það sé tilviljun sem ráði beygingunni og því þurfi börn að læra hvert orð fyrir sig.²

Í þessari ritgerð verður fjallað um rannsókn sem höfundur gerði um fleirtölumyndun barna á aldrinum 3-4 ára. Fyrirmyndir rannsóknarinnar eru tvær íslenskar rannsóknir. Sú fyrri var gerð 1979 af Áslaugu J. Maríónsdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur og sú seinni á árunum 1980-1983 af Indriða Gíslasyni, Sigurði Konráðssyni og Benedikt Jóhannessyni. Rannsókn sem Jean Berko-Gleason gerði árið 1958 á máli bandarískra barna er fyrirmynd íslensku rannsókna og var hún fyrst sinnar tegundar, þ.e. notuð voru raunorð og tilbúin orð til að kanna fleirtölumyndun barnanna.

Í 2. kafla ritgerðarinnar er fjallað um beygingarflokkun nafnorða og einkenni þeirra. Farið er ítarlega yfir hvern beygingarflokk fyrir sig. Í 3. kafla er rakin saga fyrri rannsókna á fleirtölumyndun barna og þær bornar saman. Fyrst er fjallað um bandarísku rannsókn Jean Berko-Gleason og síðan um íslensku rannsóknirnar tvær. Í 4. kafla er fjallað um rannsókn höfundar á fleirtölumyndun barna, þátttakendur, framkvæmd og úrvinnslu gagna. Að því loknu eru niðurstöður skoðaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að börn á aldrinum 3-4 ára eiga það til að endurtaka eintölumynd orðs þegar fleirtalan er mynduð. Þau alhæfa auðveldustu beygingarendinguna *-ar* yfir á aðra beygingarflokka en beygingarendingin *-ur* er næst auðveldust. Beygingarendingin *-ir* er sú beygingarending sem börnin hafa yfirleitt ekki náð tökum á. Þetta staðfestir niðurstöður fyrri rannsókna. Miðað við niðurstöður höfundar er ekki að sjá að einhver þróun eigi sér stað í fleirtölumyndun 3-4 ára barna þar sem of fá börn voru könnuð, heldur er fleirtölumyndun þeirra einstaklingsbundin og að einhverju leyti óháð aldri.

¹ O'Grady: How Children Learn Language, bls. 1-2.

² Margrét Jónsdóttir: Um ar- og ir-fleirtölu karlkynsnafnorða í nútímaíslensku, bls, 78-79.

3 Beygingarflokkun nafnorða

Íslenska er beygingarmál en það þýðir að sama orðið getur haft mismunandi form, eftir stöðu sinni og hlutverki innan setningar.³ Íslensk nafnorð taka ákveðið kyn, fall og tölu og hafa þess vegna mismunandi form eftir því hvort átt er við einn eða fleiri. Flest fallorð, þ.e. orð sem beygjast í föllum, hafa tölubeygingu og eru bæði til í eintölu og fleirtölu. Á meðan samhengi er það sem stýrir því hvaða fall er notað hverju sinni, ræðst tala fallorða yfirleitt af merkingu.⁴ Myndun fleirtölu er þó mismunandi eftir nafnorðum þar sem nafnorð beygjast á ólíkan hátt, t.d. eftir kyni. Þau orð sem hafa svipaða eða eins beygingu eru sett saman og mynda ákveðinn beygingarflokk.

Flokkun nafnorða í íslensku fer eftir kyni og beygingu, en hún getur annaðhvort verið sterk eða veik. Þau nafnorð sem tilheyra beygingarflokkum sterkra nafnorða enda á samhljóði í eignarfalli eintölu, en þau orð sem tilheyra beygingarflokkum veikra nafnorða enda á sérhljóði í öllum föllum eintölu.⁵ Kenniföll nafnorða eru nefnifall eintölu, eignarfall eintölu og nefnifall fleirtölu. Þessi föll eru nokkurs konar grunnur þess að orðin séu rétt beygd í hinum föllum.⁶ Beygingarflokkun nafnorða skiptist því í sex aðalflokka, eftir þremur kynjum sem taka ýmist sterkri eða veikri beygingu; sterk beyging karlkynsorða, veik beyging karlkynsorða, sterk beyging kvenkynsorða, veik beyging kvenkynsorða, sterk beyging hvorugkynsorða og veik beyging hvorugkynsorða. Umfjöllun þessi miðast út frá þessari flokkun, þ.e. sterk og veik beyging karlkyns-, kvenkyns- og hvorugkynsorða. Helstu beygingarflokkar nafnorða eru því sex talsins. Í töflu 1 má sjá samantekt á beygingarendingum helstu beygingarflokka nafnorða. Merkið Ø stendur fyrir enga beygingarendingu.

³ Höskuldur Þráinsson: Handbók um málfræði, bls. 35.

⁴ Sama rit, bls. 197-198.

⁵ Guðrún Kvaran: Íslensk tunga II, bls. 221.

⁶ Höskuldur Þráinsson: Handbók um málfræði, bls. 200.

Tafla 1: Helstu beygingarflokkar nafnorða og endingar þeirra.

Beygingarfl.	beygingarending eintala	beygingarending fleirtala
sterk kk. orð	<i>-ur</i>	<i>-ar</i>
	<i>-ir</i>	<i>-ir</i> <i>-ur</i>
veik kk. orð	<i>-i</i>	<i>-ar</i> <i>-ir</i> <i>-ur</i>
	∅	<i>-ar</i> <i>-ir</i> <i>-ur</i>
	<i>-ir</i>	<i>-ur</i>
sterk kvk. orð	<i>-a</i>	<i>-ur</i> <i>-ir</i>
	<i>-i</i>	<i>-ur</i> <i>-ir</i>
sterk hk. orð	∅	∅
veik hk. orð	<i>-a</i>	<i>-u</i>

Það er þó fleira sem hefur áhrif á fleirtölu sumra nafnorða. Sum orð verða fyrir hljóðbreytingum, annað hvort u-hljóðvarpi eða i-hljóðvarpi. Þessar hljóðbreytingar eiga uppruna sinn í frumnorænu. U-hljóðvarpið felur í sér að u-ending sumra orða olli því að *-a-* sem var í stofninum breyttist í *-ö-* í fleirtölumynd þeirra. Gott dæmi er orðið **barnu* sem varð að *börn* í fleirtölu. Seinna féll u-ið brott í eintölu. I-hljóðvarp er aðeins víðtækara og eru t.d. *a > e*, *au > ey*, *á > æ*, *o > e*, *o > y*, *ó > æ*, *(j)u > y*, *(j)ú > ý*. Þessar breytingar urðu allar vegna *-i-* sem stendur aftar í orðum.⁷ Orðin geta einnig orðið fyrir stofnbreytingum en þá fellur sérhljóðið brott úr stofninum á undan beygingarendingu, sbr. et. *akur*, ft. *akrar*.⁸ Það má því ætla að börn eigi erfðara með að læra fleirtölumyndir þegar breytingin hefur ekki aðeins áhrif á beygingarendinguna heldur líka þegar breyting á sér stað á stofni orðanna, þ.e. þegar u-hljóðvarp eða i-hljóðvarp á sér stað.

Eins og stuttlega hefur verið fjallað um hér á undan er fleirtölumyndun misflókin. Ætla má að börn reyni að nota eins einfalda leið til að mynda fleirtölu og þau geta. Oft er talað um aðgerð í þessu samhengi. Þegar talað er um aðgerð er átt við þau skref sem þarf að framkvæma til að mynda fleirtöluna, allt frá einni aðgerð upp í þrjár

⁷ Höskuldur Þráinsson: Handbók um málfræði, bls. 315.

⁸ Guðrún Kvaran: Íslensk tunga II, bls. 223.

aðgerðir. Með engri aðgerð er átt við þegar mynd orðsins helst óbreytt frá eintölu yfir í fleirtölu. Orðið *borð* er eins í eintölu og fleirtölu og sama á við um orðin *hús* og *finger*. Fleirtölumyndun orða í þessum flokki ætti því að vera nokkuð auðveld. Um eina aðgerð er að ræða þegar einfaldri fleirtöluendingu er skeytt við stofninn (et. *grís*, ft. *grísir*), stofninn bætir við sig fleirtöluendingu (et. *kona*, ft. *konur*) eða þegar stofn breytist vegna hljóðvarps (et. *glas*, ft. *glös*). Stundum þarf að beita tveimur og jafnvel þremur fyrrnefndra aðgerða við myndum fleirtölu. Til að mynda fleirtölu af orðinu *bók* þarf bæði að bæta við fleirtöluendingu ásamt því að sérhljóðavíxl þurfa að eiga sér stað í stofni (ft. *bækur*). Þau orð sem fela í sér þrjár aðgerðir eru börnum líklega erfiðust. Þar má nefna orðið *maður* en þá er fleirtöluendingu bætt við, samhljóðavíxl eiga sér stað í stofni ásamt því að sérhljóð í 2. atkvæði fellur brott (ft. *menn*).⁹

Hafa ber í huga að ekki er nóg að horfa einungis á fjölda aðgerða. Einnig skiptir máli hversu reglulegar eða óreglulegar þær eru. Þannig má segja að u-hljóðvarp í fleirtölu hvorugkynsorða er fullkomlega reglulegt en það á hins vegar ekki við um i-hljóðvarp. Einstakar fleirtöluendingar eru líka misalgengar.

3.1 Sterk beyging karlkynsorða

Í sterkri beygingu karlkynsorða er fleirtala yfirleitt mynduð með endingunum *-ar* og *-ir* en þá er um að ræða eina aðgerð sem er þá ýmist fólgin í skiptum á endingum (et. *hestur*, ft. *hest-ar*) eða þá að endingu er bætt við (et. *grís*, ft. *grís-ir*). Skipti úr eintöluendingunni *-ur* yfir í fleirtöluendinguna *-ar* (sbr. *hestur*) er yfirleitt talin regluleg í þessum beygingarflokki en aðrar eru taldar óreglulegar. Sterk karlkynsorð skiptast í fjóra aðalflokka og miðast hún við endingar kennifallanna.

Flokkur	nf.et.	ef.et.	nf.ft.
1. flokkur	<i>hestur</i>	<i>hest-s</i>	<i>hest-ar</i>
2. flokkur	<i>grautur</i>	<i>graut-ar</i>	<i>graut-ar</i>
3. flokkur	<i>gestur</i>	<i>gest-s</i>	<i>gest-ir</i>
4. flokkur	<i>fundur</i>	<i>fund-ar</i>	<i>fund-ir</i>
óregluleg	<i>bróðir</i>	<i>bróð-ur</i>	<i>bræð-ur</i>

Fleiri dæmi um óreglulegar beygingar eru orðið *fótur* (ft. *fætur*) en þar á sér stað hljóðvarp í stofni en beygingarending helst eins. Sér á báti er þó fleirtölumyndun

⁹ Áslaug J. Marinósdóttir: Tölumyndir nafnorða í nefnifalli hjá íslenskum börnum, bls. 45-51.

orðanna maður (ft. *menn*) og skór (ft. *skór*), en engin önnur orð hafa samskonar fleirtölugerð og þessi orð.¹⁰

3.2 Veik beyging karlkynsorða

Orðin í þessum flokki fá yfirleitt endinguna *-ar* í fleirtölu (et. *krakki*, ft. *krakkar*) en þó eru nokkur orð sem fá endinguna *-ir* t.d. hafa sum þjóðaheiti þá beygingu (et. *Dani*, ft. *Danir*).

Flokkur	nf.et.	ef.et.	nf.ft.
1. flokkur	<i>krakki</i>	<i>krakk-a</i>	<i>krakk-ar</i>
2. flokkur	<i>Dani</i>	<i>Dan-a</i>	<i>Dan-ir</i>
3. flokkur	<i>eigandi</i>	<i>eigand-a</i>	<i>eigend-ur</i>

Einnig tilheyrja þessum flokki orð sem enda á *-andi* (et. *eigandi*, ft. *eigendur*) en þá verður einnig hljóðbreyting í stofni.

3.3 Sterk beyging kvenkynsorða

Flest orð í þessum flokki hafa endinguna *-ar* (et. *nál*, ft. *nálar*) eða *-ir* (et. *hurð*, ft. *hurðir*), líkt og í flokki sterkra karlkynsorða. Nokkur orð hafa endinguna *-ur* (et. *geit*, ft. *geitur*) og einnig koma tvenns konar endingar til greina sbr. orðið *töng* (ft. *tangir/tengur*).

Flokkur	nf.et.	ef.et.	nf.ft.
1. flokkur	<i>nál</i>	<i>nál-ar</i>	<i>nál-ar</i>
2. flokkur	<i>hurð</i>	<i>hurð-ar</i>	<i>hurð-ir</i>
3. flokkur	<i>geit</i>	<i>geit-ar</i>	<i>geit-ur</i>
4. flokkur	<i>flík</i>	<i>flík-ur</i>	<i>flík-ur</i>
óregluleg	<i>systir</i>	<i>syst-ur</i>	<i>syst-ur</i>

Nokkur sterk kvenkynsorð beygjast óreglulega s.s. orðin *móðir* (ft. *mæður*), *dóttir* (ft. *dætur*) og *hönd* (ft. *hendur*). Í einstaka orðum breytist stofninn einnig við myndun fleirtölu (et. *bók*, ft. *bækur*). Kvenkynsorðið *mús* (ft. *mýs*) er einstakt þegar kemur að fleirtölubeygingunni meðal kvenkynsorða en svipaðar beygingar finnast hins vegar meðal hvorugkynsorða.¹¹

¹⁰ Indriði Gíslason o.fl.: Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum [...], bls. 113.

¹¹ Sama rit, bls. 114.

3.4 Veik beyging kvenkynsorða

Meginregla þessa flokks er að orðin fá endinguna *-ur* (et. *sápa*, ft. *sápur*) og langflest veik kvenkynsorð beygjast eins og orðið *tunga* (ft. *tungur*). Til undantekninga eru orð sem enda á *-i* í eintölu en þau orð fá annað hvort endinguna *-ir* eða *-ar* í fleirtölu (et. *lygi*, ft. *lygar*).¹² Beygingarflokkar veikra kvenkynsorða eru þrír:

Flokkur	nf.et.	ef.et.	nf.ft.
1. flokkur	<i>tunga</i>	<i>tung-u</i>	<i>tung-ur</i>
2. flokkur	<i>lygi</i>	<i>lyg-i</i>	<i>lyg-ar</i>
3. flokkur	<i>ævi</i>	<i>æv-i</i>	<i>æv-ir</i>

Í 3. floknum eru orð eins og *gleði*, *kæti* og *speki*. Fæst þeirra orða eru notuð í fleirtölu því yfirleitt tákna þau eitthvað sem er óteljanlegt. Orðið *gleði* er hins vegar hægt að nota í tvenns konar merkingu og er aðeins til í fleirtölu í merkingunni ‘veislur’ en ekki í merkingunni ‘tilfinning’.

3.5 Sterk beyging hvorugkynsorða

Í þessum flokki er myndun fleirtölu nokkuð einföld, því engar endingar eru notaðar til að mynda hana. Í flestum tilfellum er myndun fleirtölunnar samhljóða eintölu orðsins (et. *rúm*, ft. *rúm*) og því þarf ekki að breyta um orðmynd. Í nokkrum orðum á sér þó stað hljóðvarp í stofni (et. *glas*, ft. *glös*).¹³ Það mætti því segja að sterk kvenkynsorð hafi engan beygingarflokk.

3.6 Veik beyging hvorugkynsorða

Í þessum flokki eru aðeins fáein orð og mörg þeirra eiga það sameiginlegt að vera heiti líffæra eða líkamshluta. Í fleirtölu fá þau endinguna *-u* (et. *auga*, t. *augu*) en einnig á sér stað hljóðvarp í stofni í nokkrum þeirra (sbr. u-hljóðvarp í et. *hjarta*, ft. *hjörtu*).¹⁴ Beyging orðanna er fremur einföld en öll orðin enda á *-a* í allri eintölu og á *-u* í nefnifalli fleirtölu:

nf.et	ef.et.	nf.ft
auga	aug-a	aug-u

¹² Indriði Gíslason o.fl. Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum [...], bls. 115.

¹³ Sama rit, bls. 112.

¹⁴ Sama rit, bls. 114.

Þó flest orð sem tilheyra þessum flokki séu eins og áður sagði heiti líffæra eða líkamshluta falla nokkur tökuorð í þennan flokk þótt þau séu á öðru merkingarsviði, s.s. *þema* og *firma*.¹⁵

3.7 Samantekt um beygingarflokkana

Eins og sjá má hafa hvorugkynsorð einföldustu fleirtölubeyginguna af kynjunum þremur. Í flokki sterkra hvorugkynsorða þarf ekki að breyta um orðmynd til að mynda fleirtölu en í öðrum orðum á sér stað hljóðvarp í stofni. Hjá veikum hvorugkynsorðum fær fleirtalan beygingarendinguna -a og í nokkrum orðum á sér stað hljóðvarp.

Í flokki sterkra karlkynsorða er -ar algengasta beygingarendingin en -ir er einnig algeng innan flokksins. Hjá veikum karlkynsorðum er beygingin einfaldari og þar er -ar endingin einföldust. Aðeins nokkkur þjóðernisorð tilheyra þessum flokki og fá endinguna -ir ásamt nokkrum orðum með endinguna -andi. Í flokki sterkra kvenkynsorða kemur beygingarendingin -ir oftast fyrir ásamt -ar. Nokkur orð fá endinguna -ar. Í flokki veikra kvenkynsorða kemur beygingarendingin -ur oftast fyrir en orð í þessum flokki fá einnig endingarnar -ar og -ir.

Það mætti því ætla að algengustu fleirtöluendingarnar séu -ar og -ur og þar á eftir kemur -ir og loks beygingarendingar hvorugkynsorðanna, þ.e. -a og engin beygingarending. Gera má ráð fyrir að börn tileinki sér fyrst fleirtölubeygingu þeirra beygingarflokka sem eru algengastir og seinna þá flokka sem hafa fá orð og óreglulegar beygingar. Að því verður vikið í niðurstöðum þessarar rannsóknar.

¹⁵ Eiríkur Rögnvaldsson: Íslensk málfræði, bls. 147.

4 Fyrri rannsóknir á fleirtölu í máli barna

4.1 Jean Berko-Gleason

Próf Höskuldar Práinssonar og nemenda, sem stuttlega var nefnt í inngangi, átti sér erlenda fyrirmynd en það var próf bandaríska málfræðingsins Jean Berko-Gleason sem er að jafnaði kallað *Wug Test* en niðurstöður þess kynnti hún árið 1958. Þar kannaði hún m.a. fleirtölumyndun 4-7 ára enskumælandi barna. Þar notaði hún bullorð og eru þau fyrirmynd bullorðanna sem notuð eru í íslensku rannsóknunum. Ástæðan fyrir notkun bullorðanna er sú að þegar raunorð eru könnuð er möguleiki á því að börn þekki orðin vel og hafi þar af leiðandi lært fleirtölumyndun þeirra utan að. Tilgangur þeirra er að kanna hvort börnin noti beygingarfræðilegar reglur við myndun fleirtölu og þá er hægt að sjá hvort börn beita reglum eða ekki í fleirtölumyndun.¹⁶

Niðurstöður Berko-Gleason sýndu að bæði börn á leikskólaaldri (4-5 ára) og börn á grunnskólaaldri (5½-7 ára) gátu myndað rétta fleirtölu af orðum sem þau höfðu aldrei áður heyrt, þ.e. bullorðum, ef þau höfðu reglulega fleirtöluendingu, þ.e.-s. Alls voru 76% barnanna í yngri hópnum með rétta fleirtölumyndun af orðinu *wug* og 97% barnanna í eldri hópnum. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að orð sem voru með óreglulega fleirtöluendingu, þ.e. -es, reyndust börnunum erfið. Börn undir 7 ára aldri virtust vita hvenær þau ættu að nota tiltekna beygingarendingu í orðum sem voru lík einhverju raunorði eða voru kunnugleg. Þau virtust hins vegar ekki vera með neina reglu fyrir fleirtöluendinguna -es líkt og með -s.¹⁷

Þótt íslensku rannsóknirnar séu byggðar á athugun Berko-Gleason eru þær þó ekki algjörlega sambærilegar. Hún notaði t.d. ekki raunorð heldur aðeins bullorð en í íslensku rannsóknunum hefur þótt mikilvægt að kanna raunorð sömuleiðis svo hægt sé að sjá fleirtöluendingu barnanna ásamt reglubeitingu. Einnig inniheldur íslenska rannsóknin fleiri myndir með bullorðum. Það er vegna þess að Berko-Gleason prófaði fleiri atriði, t.d. þátíðarendingu sagna og þar sem fleirtöluendingar íslenskunnar eru mun fleiri og flóknari en í ensku. Í enskum orðum bætist oftast -s aftan við orðið þegar fleirtala er mynduð og mismunandi framburður þess fer eftir grannhljóðum, þ.e. hljóðum sem koma á undan eða eftir. Í íslensku ræðst fleirtöluending eins og fyrr segir af því hvaða beygingarflokkur orðið tilheyrir.¹⁸

¹⁶ Berko-Gleason: *The Child's Learning of English Morphology*, bls. 150-154.

¹⁷ O'Grady: *How Children Learn Language*, bls. 19-21.

¹⁸ Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir: *Athugun á fleirtölu í barnamáli*, bls. 29-30

4.2 Fyrsta athugun á fleirtölu í barnamáli

Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir (1980) gerðu fyrstu rannsóknina á fleirtölu í máli barna, en hún var nokkurs konar undanfari annarrar stærri athugunar sem rætt verður um hér á eftir. Tilgangur rannsóknar þeirra var athuga fleirtölumyndun nafnorða í íslensku með hliðsjón af máli barna á aldrinum þriggja til átta ára. Þær nutu aðstoðar kennara síns, Höskuldar Þráinssonar, við gerð prófsins en það var samsett af myndalistum, annarsvegar myndir af hlutum sem börnin ættu að þekkja og annars vegar myndir af hlutum sem voru sérstaklega búin til fyrir þessa rannsókn. Nánar er hægt að lesa um prófaðferðina hér á eftir.

Alls tóku 22 börn þátt í rannsókn Áslaugar og Guðrúnar, sem valin voru af handahófi og þau prófuð ýmist á leikskóla eða í skóla. Það sem vekur þó athygli er að með í rannsókninni voru 16 fullorðnir, en þeir fengu þó aðeins að spreyta sig á myndalistanum með óþekktu myndunum. Ástæðan var að þær vildu sjá hvernig beygingarflokkarnir stæðu að vígi og í hvaða flokkum kæmu oftast rétt svör. Í ljós kom að þeir fullorðnu voru ekki með fullkomna fleirtölumyndun. Fullorðna fólkið reyndi yfirleitt að mynda fleirtöluna með því að nota eitthvað fleirtölumark, þ.e. þau reyndu að finna lík orð til að miða við sem hafa líka hljóðfræðilega byggingu. Við þetta urðu til mjög mörg afbrigði og jafnvel fleiri en hjá börnunum. Gæti það jafnvel bent til þess að ákveðnir beygingarflokkar séu á undanhaldi. Fullorðna fólkið hafði einnig hljóðkerfisleg frávík sem fólu í sér að tvöfalt samhljóð hélt sér í fleirtölu nokkurra bullorðanna (sbr. et. *teill*, ft. *teilar* þar sem ft. **teillar* sást hjá nokkrum) ásamt því að sérhljóð féll ekki brott í fleirtölu (sbr. et. *tominn*, ft. *tomnar* þar sem ft. **tominar* sást). Í máli fullorðinna mátti einnig sjá greinilega fleiri möguleika til fleirtölumyndunar með hljóðvarpi, t.d. orðið *bús* fékk fleirtöluna **býs*.¹⁹

Vankantar rannsóknarinnar eru nokkrir. Fyrst ber að nefna að í mörgum tilfellum endurtóku börnin eintölumyndina gjarnan óbreytta þótt þau beiti fleirtölunni rétt í eðlilegu máli. Má rekja þetta til þeirra óeðlilegu málaðstæðna sem próf sem slíkt er. Í öðru lagi var sá galli á athuguninni að þegar þekktu orðin voru könnuð var ekki leitað eftir því hvort barnið þekkti eintölumyndina, því í ljós kom að börnin höfðu ekki rétta fleirtölumynd ef þau þekktu ekki eintölumyndina. Að lokum telja þær niðurstöður ekki gefa rétta mynd þar sem ekki voru jafnmörg börn í hverjum aldurshópi. Flest börn voru í yngstu hópnum en færri eftir því sem þau voru eldri.

¹⁹ Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Athugun á fleirtölu í barnamáli, bls. 37-38.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að á aldrinum 3-4 ára er þróun fleirtölunnar mest. Þó ber að taka þessum niðurstöðum með gát, þar sem ekki voru nægilega mörg börn eldri en 4 ½ árs prófuð í þessari rannsókn. Einnig fundu þær dæmi þess að börnum færi aftur í fleirtölunotkun um 5 ára aldur. Skýringin á því gæti verið sú að þegar börn hafa lært nokkrar fleirtöluendingar og gert sér grein fyrir nauðsyn þeirra fara þau að alhæfa þessar endingar, þ.e. velji sér eina endingu og noti hana síðan á flest orð. Endapunktur þróunar fleirtölu myndunar er greinilega mun fyrir í þekktu orðunum en þeim óþekktu, en aðeins einn fullorðinn var með allar beygingarnar réttar. Orð voru sögð rétt þegar þau höfðu réttar fleirtöluendingar þótt að venjulegar hljóðfræðireglur virki ekki (sbr. ft. *kjólar*, **kjóllar*).²⁰ Niðurstöður rannsóknarinnar minnar sem þessi ritgerð fjallar um, staðfesta þessar niðurstöður að mestu leyti, þótt ekki sé hægt að segja að einhvers konar þróun eigi sér stað í fleirtölu myndun barna á aldrinum 3-4 ára heldur er fleirtölu myndun barna á þessum aldri nokkuð einstaklingsbundin og ekki bundin aldri þeirra.

Út frá niðurstöðum myndalistans með þekktu orðunum álykta þær að fyrir sjaldgæfa og óreglulega beygingarflokka læra börn ekki virkar reglur heldur aðeins fleirtölu myndina sem óreglulega mynd í heild sinni. Einnig komust þær að þeirri niðurstöðu að auðveldara var fyrir börnin að beygja þau orð sem féllu inn í stóra beygingarflokka, t.d. veik og sterk karlkynsorð með *-ar* endingu, eða einfalda beygingarflokka, t.d. veik kvenkynsorð með *-ur* endingu. Þeir flokkar sem innihalda fá algeng orð eða þeir sem hljóðreglur virka á í fleirtölu myndun, t.d. sterk karlkynsorð sem enda á *-ur* í fleirtölu (et. *bróðir*, ft. *bræður*), reyndust börnunum erfiðir. Svör barnanna sýndu að þau lærðu óreglulegu myndirnar utan að og voru þau með nokkrar mismunandi myndir af þessum orðum. Það sýnir að þau kunna ekki myndina sem slíka en reyndu að beygja orðið eftir einhverjum reglum sem þau kunna. Það er því ljóst að börn læra reglurnar seinna en einfaldar myndir.²¹

4.3 Athugun Indriða Gíslasonar o.fl. á fleirtölu íslenskra barna

Viðamesta rannsókn sem gerð hefur verið á fleirtölu íslenskra barna var gerð af Indriða Gíslasyni, Sigurði Konráðssyni og Benedikt Jóhannessyni, ásamt fleirum, árin 1980-1983. Markmið hennar var að gefa upplýsingar um þróun ákveðinna atriða í íslensku málkerfi. Þeir settu fram þá tilgátu að við fjögurra ára aldur séu flest börn orðin altalandi

²⁰ Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Athugun á fleirtölu í barnamáli, bls 29-34.

²¹ Sama rit, bls. 43-44.

og hafi náð góðu valdi á málkerfinu, þótt nokkur frávik frá máli fullorðinna finnist í máli þeirra, t.d. í beygingum og setningagerð. Við sex ára aldur mætti þó búast við að frávikum hafi fækkað og að barnið hafi nokkurn veginn samsamað sig því málumhverfi sem það hefur alist upp í. Alls tóku 200 börn þátt í rannsókninni og voru þau á aldrinum fjögurra til sex ára. Helmingur þeirra bjó í Reykjavík og helmingur á landsbyggðinni.

Rannsókninni var þannig háttað að rannsakendur fóru ymist á heimili barnsins, í dagvistun þess eða skóla þar sem notuð voru myndapróf til að kanna myndun fleirtölunnar. Með því var reynt að hafa málaðstæður sem eðlilegastar, þó þær geti aldrei verið fullkomlega eðlilegar þegar um próf eða rannsókn af þessu tagi er að ræða.²² Prófið innihélt annars vegar raunorð, nafnorð sem barnið ætti að þekkja, og hins vegar bullorð sem voru tilbúin orð sem barnið hafði ekki heyrt áður. Markmiðið með prófinu var eins og fyrr sagði að athuga hvernig frávikum í máli barna fækkar eftir aldri barnsins, en einnig var staða hinna ýmsu beygingarflokka skoðuð, þ.e. hversu fljót börnin voru að læra að mynda fleirölu nafnorða úr ákveðnum beygingarflokki og hvernig og hvort þau myndu raða nýjum orðum inn í beygingarflokkana.²³ Í bókinni *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur* (1986), eru niðurstöðurnar settar fram.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru nokkuð ítarlegar og farið er í gegnum hvern beygingarflokk fyrir sig. Hér verður aðeins farið yfir niðurstöður raunorðanna. Í flokki sterkra karlkynsorða komu þau orð best út sem aðeins þurfti að nota eina aðgerð til að mynda fleirtöluna, sbr. orðið *hundur*. Þar er um einfalda skiptingu að ræða, úr *-ur* endingu í eintölu yfir í *-ar* endingu í fleirtölu. Þetta mynstur virðist vera nokkuð ráðandi í máli barna og eru þau jafnvel gjörn á að bæta þessari endingu aftan við hin ýmsu karlkynsorð í eintölu. Börnin eiga aðeins erfiðara með að mynda fleirtölu af orðum sem byggjast á tveimur aðgerðum, þ.e. orð sem fá fleirtöluendinguna *-ar* ásamt því að breyta þarf stofni þess, sbr. *gaffall* en þar er það aðallega brottfallsregla í stofni sem þau eiga í erfiðleikum með. Rík tilhneiging til að nota *-ar* fleirtöluendingu kemur vel í ljós í þeim orðum sem eiga að hafa *-ir* endingu, sbr. *hvalur*. Börn virðast því eiga í nokkrum vandræðum með þessi orð þar sem við 6 ára aldur er meira en helmingur barnanna enn að mynda fleirtölu *-ir* orða sbr. **hvalar*. Af þeim orðum sem hafa óreglulega beygingu kom orðið *fótur* áberandi verst út þar sem algengasta beygingarmynd þess var **fótar*.

²² Indriði Gíslason o.fl. Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum [...], bls. 9-19.

²³ Sama rit, bls. 109-111.

Hins vegar höfðu börn um 6 ára aldur náð ágætu valdi á orðinu *maður* þótt nokkrir hafi notað myndina **mennir*.

Um flokk sterkra kvenkynsorða er svipaða sögu að segja og um flokk sterkra karlkynsorða þar sem *-ar* endingin er notuð á rangan hátt. Athyglisvert er þó að skoða notkun *-ir* endingar en hún er oft notuð þar sem gert er ráð fyrir engri endingu sbr. *mús*, *-ar* endingu sbr. *nál* eða *-ur* endingu sbr. *geit*. Í niðurstöðunum koma t.d. fram myndirnar **músir*, **nálir* og **geitir*. Það virðist því bera meira á notkun endingarinnar *-ir* meðal sterka kvenkynsorða en sterkra karlkynsorða enda er *-ir* algengasta fleirtöluendingin í kvenkyni. Þær fleirtölu myndir sem innihalda hljóðvarp eiga börnin nokkuð erfitt með. Þó mætti ætla að börn ættu auðvelt með þau orð sem hafa u-hljóðvarp þar sem *-u* er í beygingarendingu (sbr. *panna - pönnur*) þar sem það mætti hugsa sem hljóðkerfisreglu. Annað gildir um u-hljóðvarp sem er breytingarmynd orðs (sbr. *tjald - tjöld*). Af þeim orðum kemur orðið *bók* best út og má gera ráð fyrir að það sé vegna þess hve algengt orðið er í máli þeirra, að þau hafi með tíð og tíma lært fleirtölu myndina. Það orð sem kemur áberandi illa út er fleirtala orðsins *töng*, en fleirtölu mynd þess er eflaust ekki mjög algeng í máli barna.

Lítið þarf að útlista um fleirtölu myndun sterkra hvorugkynsorða en þar eru orðin annaðhvort samhljóða í eintölu og fleirtölu eða að hljóðvarp á sér stað í fleirtölunni. Vert er þó að hafa í huga að mörg fjögurra ára börn endurtóku eintölu mynda óbreytta, en algengt er að þau alhæfi tölubeyginguna á þennan hátt. Það sem er frábrugðið flokkum karlkyns- og kvenkynsorða er að þau orð sem innihalda hljóðvarp koma mun betur út, sbr. et. *glas* - ft. *glös*, en hún er reyndar frábrugðin því að um eina aðgerð er að ræða (a > ö) en ekki hljóðbreyting í tengslum við endinguna sjálfa.²⁴

Fleirtölu myndun orða með veika beygingu er mun reglulegri en þeirra sterku og árangur barnanna sýnir það, þó einkum í karlkyns- og kvenkynsorðum. Mörg kvenkynsorð hafa meira að segja u-hljóðvarp, svipaða og hjá sterkum hvorugkynsorðum, en samt sem áður koma þau ágætlega út. Nokkur frávik koma þó fram eins og t.d. þegar börn bæta *-r* við eintölu myndina, sbr. kvenkynsorðið *sápa* sem fékk fleirtölu **sápar* og hvorugkynsorðið *auga* sem fékk fleirtölu **augar*. Hér hafa börnin líklega búið til einhvers konar reglu við myndun fleirtölu af orðum sem hafa veika beygingu. Þau börn sem reyna að breyta fleirtölu myndinni reyna oft að koma

²⁴ Indriði Gíslason o.fl. Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum [...], bls. 131-137.

orðunum fyrir innan annarra beygingarflokka og laga þau þannig að reglum sem þau hafa nú þegar náð taki á, sbr. *augar hér á undan.²⁵

4.4 Samantekt

Fyrri rannsóknir benda til þess að 4 ára börn nota oft eintölumyndir nafnorða óbreyttar í fleirtölu og gæti það bent til þess að ung börn tákni fleirtölu fyrst og fremst með töluorði, t.d. *tveir* eða *marginir*. Algengast er að börn alhæfi fleirtöluendinguna *-ar* og noti hana til að mynda fleirtöluna af sterkum karlkyns- og kvenkynsorðum. Endingin *-ur* er sú fleirtöluending sem 4 ára börn eiga auðveldast með, en hún kemur aðallega fram í flokki veikra kvenkynsorða. Notkun endinganna *-ir* og *-ar* er á reiki meðal barnanna, ekki bara þeim 4 ára heldur sjást sömu frávik enn meðal 6 ára barnanna. Báðir þessir aldursflokkar eiga erfiðast með að mynda fleirtölu af þeim orðum sem hafa óreglulega beygingu (sbr. *mús*) eða orðum sem hafa breytingu í stofni, t.d. hljóðvarp (sbr. *töng*). Þau eiga auðvelt með að mynda fleirtölu þegar einni aðgerð er beitt, þ.e. þegar eintöluendingu er skipt út fyrir fleirtöluendingu, sbr. orðið *hundur* - *hundar*. Erfiðara er fyrir þau að mynda fleirtölu þegar hún krefst þess að notuð sé fleiri en ein aðgerð.

²⁵ Indriði Gíslason o.fl. Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum [...], bls. 137-139.

5 Efni og aðferðir

Í þessum hluta verður farið yfir prófgögnin sem notuð voru, fjallað verður um þátttakendur ásamt því að fara vandlega yfir það hvernig athugunin sjálf fór fram.

5.1 Þátttakendur

Eftir að höfundur skoðaði önnur sambærileg próf komst hann að því að æskilegasti aldurinn í þessa athugun eru börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Í fyrri rannsóknum sem gerðar hafa verið á fleirtölumyndun í barnamáli sýna niðurstöðurnar að börn eldri en fimm ára hafa náð ágætlega góðum tókum á fleirtölumyndun nafnorða. Vert er þó að hafa í huga að alltaf er um einstaklingsbundinn mun að ræða í athugunum sem þessum.

Þátttakendur voru 14 leikskólabörn á aldrinum 3-4 ára ásamt 9 fullorðnum. Öll börnin eru eintyngd og tala aðeins íslensku. Börnin voru prófuð í einrúmi á leikskólanum en þeir fullorðnu heima hjá sér. Alls tóku 3 stúlkur, 11 drengir, 7 konur og 2 karlar þátt í athuguninni. Yngsta barnið var 3;1;24 daga gamalt og elsta barnið 4;10;27 daga gamalt. Fullorðnu einstaklingarnir voru á aldrinum 21-35 ára.

5.2 Framkvæmd

Höfundur hafði samband við leikskólastjóra og óskaði eftir þátttöku leikskólabarnanna í rannsókninni ásamt samvinnu hans við að koma upplýsingum og leyfisbréfi (sjá fylgiskjal 1) til foreldra barna á tilteknu aldursbili. Einnig kynnti höfundur rannsóknina fyrir leikskólastjóra og óskaði eftir að börnin yrðu prófuð í ró og næði á leikskólanum. Þegar leikskólastjóri hafði samþykkt þátttökuna var hann beðinn um að koma upplýsinga- og leyfisbréfi til foreldra barnanna. Á upplýsingablaðinu komu fram helstu upplýsingar um rannsóknina og á leyfisbréfinu var óskað eftir skriflegu leyfi foreldra eða forráðamanna barnanna fyrir þátttöku í rannsókninni.

Þegar leyfisbréfin höfðu skilað sér aftur til leikskólastjóra hafði hann samband við höfund sem yfirfór öll leyfisbréf. Að því loknu var hafist handa við fyrirlögn prófsins. Höfundur fór í leikskólann og lagði prófið fyrir börn úr úrtakinu, eitt og eitt í einu. Niðurstöður barnanna voru ekki merkt nafni þeirra, heldur númeri, kyni og aldri barnsins á forminu 3;2;17 (3 ára, 2 mánaða og 17 daga gamalt). Niðurstöður fullorðna fólksins voru aðeins merktar með númeri og kyni.

Áætlað var að prófunin tæki um 15-20 mínútur fyrir hvern einstakling. Ef barn fór að sýna merki um einbeitingarskort var tekið stutt hlé og síðan haldað áfram þar sem frá var horfið. Það þótti nauðsynlegt í tveimur tilfellum.

Prófunin var lögð fyrir fullorðna fólkið á sama hátt nema sú prófun fór ýmist fram heima hjá viðkomandi eða heima hjá rannsakanda.

5.3 *Prófgögn*

Sérstakt myndapróf var búið til fyrir þessa rannsókn sem innihélt alls 34 orð, auk tveggja æfingarorða á undan fyrirlögninni. Orðalistinn inniheldur 18 raunorð, þ.e. orð sem eru til í málinu, og 16 tilbúin orð, þ.e. orð sem eru ekki til í íslensku en lúta öllum málfræðireglum og gætu hæglega verið í málinu. Höfundur kýs að kalla orð sem í fyrri rannsóknum hafa verið kölluð bullorð, tilbúin orð. Þessi orð gætu vel verið hluti af íslensku máli þar sem þau lúta öllum málfræðireglum orða. Að auki þykir höfundi bullorð frekar neikvætt orð en ekki þykir viðeigandi að tala á neikvæðan hátt um það sem tengist barnamáli og máltöku barna.


Ástæðan fyrir notkun tilbúnu orðanna er sú að þegar raunorð eru könnuð er möguleiki á því að börn þekki orðin vel og hafi þar af leiðandi lært fleirtölumyndun þeirra utan að, þ.e. án þess að einhver regla búi að baki. Tilgangur tilbúnu orðanna er að kanna hvort börnin noti beygingafræðilegar reglur við myndun fleirtölu. Hvort orðin séu aðeins kunnátta eða hvort einhver reglubæiting sé virk. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að þar sem fólk lærir ekki reglur til að mynda fleirtöluna lærist aðeins fleirtölumyndin sem slík. Með því er átt við að fólk lærir ekki virkar reglur heldur aðeins fleirtölumyndina sem óreglulega mynd í heild sinni. Með því að nota tilbúnu orðin er hægt að sjá hvort börn beiti reglum eða ekki við fleirtölumyndun.

Orðin á listanum eru úr stærstu og algengustu beygingarflokkum málsins en þeir eru 6 talsins: sterk beyging karlkyns-, kvenkyns- og hvorugkynsorða og veik beyging karlkyns-, kvenkyns- og hvorugkynsorða. Nánar verður fjallað um orðin á listanum í kafla 5.3.1 hér að neðan.


Notuð var spjaldtölva til að framkvæma prófið. Fyrst á skjáinn kom mynd af t.d. einum hundi og barnið spurt hvort það vissi hvað væri á myndinni.²⁶ Svo kom önnur mynd og þá voru tveir hundar. Rannsakandi gaf þá í skyn kyn orðsins með viðeigandi töluorði: *Núna eru tveir svoleiðis. Þetta eru tveir ____*. Á mynd 1 og 2 má sjá dæmi um uppsetningu myndanna. Barnið átti þá að klára setninguna með því að segja fleirtölumyndina. Mikilvægt var að barnið vissi hvað væri á myndinni þegar raunorðin áttu í hlut. Ef börnin þekkjá ekki eitthvað af íslensku orðunum mætti í raun líta á þau sem tilbúin orð í stað raunorða.

²⁶ *Classroom Clipart: Free clipart.*

Á meðan athuguninni stóð skráði rannsakandi niðurstöðurnar á viðeigandi eyðublað. Þessar niðurstöður voru síðan færðar inn í töflu sem hélt utan um fjölda svara barnanna eftir beygingarflokki og beygingarendingu.



Mynd 1: Dæmi um raunorð í fleirtöluprófinu.



Mynd 2: Dæmi um tilbúið orð í fleirtöluprófinu.

5.3.1 Orðalisti

Eins og fyrr segir eru samtals 34 orð á prófinu, þar af eru 18 raunorð og 16 tilbúin orð. Orðin eru þau sömu og voru notuð í fyrri rannsóknum á þessu efni og voru sett saman í lista af Höskuldi Þráinssyni og nemendum hans.²⁷ Tilbúnu orðin voru hönnuð þannig að þau ættu sér fyrirmynd í íslensku máli án þess þó að ríma við eða vera of lík einhverju orði. Með því að nota bæði raunorð og tilbúin orð var hægt að sjá hvort kunnátta, þ.e. þekktu orðin, og reglubeiting, tilbúnu orðin, færu saman.²⁸

Í töflu 1 er yfirlit yfir öll nafnorð í könnuninni með sterka beygingu og í töflu 2 eru þau nafnorð sem hafa veika beygingu. Reynt var að hafa orð úr öllum helstu beygingarflokkum nafnorða og þau flokkuð eftir kyni. Höfundur reyndi að velja orð sem hann taldi að börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára ættu að þekkja og væri auðvelt að sýna myndrænt.

²⁷ Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Athugun á fleirtölu í barnamáli, bls. 40-41.

²⁸ Sama rit, bls. 30.

Tafla 2: Listi yfir sterk nafnorð.

Karlkyn - sterk	
raunorð	tilbúin orð
<i>hundur - hundar</i>	<i>krandur- krandar</i>
<i>selur - selir</i>	<i>tamur - tamir</i>
<i>kjóll - kjólar</i>	<i>teill -teilar</i>
<i>hamar - hamrar</i>	<i>mogar - mograr</i>
Kvenkyn - sterk	
raunorð	tilbúin orð
<i>skeið - skeiðar</i>	<i>híf - hífar</i>
<i>hurð - hurðir</i>	<i>gros - grosir</i>
<i>sög - sagir</i>	<i>röl - ralir</i>
<i>geit - geitur</i>	<i>bús - búsur</i>
Hvorugkyn -sterk	
raunorð	tilbúin orð
<i>kerti - kerti</i>	<i>buni - buni</i>
<i>ljón - ljón</i>	<i>lún - lún</i>
<i>tjald - tjöld</i>	<i>darm-dörm</i>

Tafla 3: Listi yfir veik nafnorð.

Karlkyn - veik	
raunorð	tilbúin orð
<i>fáni - fánar</i>	<i>neli- nelar</i>
<i>krakki - krakkar</i>	<i>tessi - tessar</i>
Kvenkyn - veik	
raunorð	tilbúin orð
<i>kona - konur</i>	<i>gúsa - gúsur</i>
<i>sápa - sápur</i>	<i>kíma - kímur</i>
<i>panna - pönnur</i>	<i>darga - dörgur</i>
Hvorugkyn - veik	
raunorð	
<i>auga - augu</i>	
<i>eyra - eyru</i>	

Fyrir hvert raunorð er eitt tilbúið orð sem hefur sömu beygingarendingu. Höfundur ákvað þó að hafa engin tilbúin orð í flokki veikra hvorugkynsorða þar sem sá flokkur inniheldur tiltölulega fá orð og einstaka tökuorð lenda í þessum flokki.²⁹ Nokkur hljóðvarpsorð eru með í þessari rannsókn til að sjá hvort börn hafi náð tökum á hljóðvarpi þegar fleirtala er mynduð. Óreglulegar beygingarmyndir eru ekki skoðaðar. Markmið prófunarinnar var eingöngu að skoða orð sem hafa reglulega beygingu. Orðin voru prófuð í tilviljanakenndri röð en þó passaði rannsakandi að orð í sama flokki kæmu ekki á eftir hvert öðru. Rannsakandi notaði forritið Excel til að raða orðunum saman. Öll orðin voru skrifuð inn í skjal og síðan var ákveðin skipun notuð til að raða orðunum upp í tilviljanakennda röð. Ef orð í sama flokki komu á eftir hvert öðru var sama skipun

²⁹ Eiríkur Rögnvaldsson: Íslensk málfræði, bls. 148.

notuð aftur þangað til nothæf röðun fannst. Allir prófendur fengu sömu orðaröðina (sjá viðauka 2).

5.4 Úrvinnsla gagna

Svör barnanna voru flokkuð eftir því hvort þau voru talin rétt eða ekki. Þegar talað er um rétta niðurstöðu orða er beygingarmynd ásamt breytingu í stofni skoðuð. Rétt beygingarmynd fer eftir því hvaða flokki orðið tilheyrir og hvaða raunorði tilbúna orðið á að líkja eftir. Orðið taldist rétt ef það fylgdi sínum beygingarflokki í fleirtölubeygingu. Fleirtölumyndirnar voru flokkaðar eftir því hversu réttar þær voru; alveg réttar myndir, réttar endingar en hljóðfræðileg frávik og alveg röng mynd. Réttar beygingarmyndir raunorðanna eru í samræmi við Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls (BÍN).³⁰

Niðurstöðurnar voru skráðar í töflu þar sem merkt var í viðeigandi reit eftir því hvaða beygingarending var notuð í hverju orði. Með því móti mátti sjá hversu margir notuðu rétta beygingarendingu, hvaða beygingarending væri algengust ásamt tilbrigðum í beygingunni.

³⁰ Beygingarlýsing íslensks nútímamáls: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

6 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Fyrst er fjallað um niðurstöður barnanna, þar sem aldur þeirra er skoðaður sérstaklega og svo staða úrlausna eftir beygingarflokkum. Síðan eru niðurstöður fullorðinna skoðaðar og að lokum eru niðurstöður þessara hópa skoðaðar með tilliti til beygingarflokkanna.


6.1 Úrlausnir barnanna eftir aldri

Úrlausnir hvers barns fyrir sig voru skoðaðar og skráðar. Í töflu 4 má sjá hlutfall réttra svara eftir aldri barnanna. Hlutfall réttra raunorða er í öllum tilfellum hærra en hlutfall réttra tilbúinna orða. Það bendir til þess að börn læri fleirtölumyndun nafnorða að einhverju leyti utan að, þ.e. að börn á þessum aldri séu ekki að öllu leyti farin að tileinka sér reglur fleirtölumyndunar. Börn nr. 6, 11 og 13 virðast hafa misskilið prófið. Þau endurtóku óeðlilega mörg orð og hafa orðin oft óbreytt í fleirtölu. Svör þessara barna eru þó höfð með í niðurstöðunum en gætu að einhverju leyti skekkt þær.

Mynd 4 sýnir að hlutfall réttrar fleirtölumyndunar er mjög misjafnt eftir aldri þeirra og má því segja að rétt fleirtölumyndun sé að einhverju leyti óháð aldri. Hjá hverju einasta barni er fjöldi réttra raunorða fleiri en tilbúinna orða.

Tafla 4: Hlutfall réttra svara barnanna.

Nr. barns	Aldur	Rétt raunorð (hlutfall)	Rétt tilbúin orð (hlutfall)
1	3;1;24	32%	24%
2	3;1;29	25%	8%
3	3;1;30	18%	15%
4	3;4;6	35%	12%
5	3;5;18	32%	3%
6	4;0;11	8%	6%
7	4;1;4	30%	12%
8	4;1;18	35%	12%
9	4;1;13	38%	21%
10	4;1;23	25%	12%
11	4;3;20	15%	8%
12	4;4;14	41%	21%
13	4;6;28	15%	3%
14	4;10;27	35%	15%



Mynd 3: Hlutfall réttra svara eftir aldri.

6.2 Úrlausnir fullorðinna

Eins og fyrr segir tóku 9 fullorðnir þátt í rannsókninni. Meðaltal réttrar fleirtöluendingar raunorða var 96% eða um 17 orð og réttrar fleirtöluendingar tilbúinna orða var 70% eða um 16 orð. Hlutfall réttrar fleirtöluendingar meðal fullorðinna er því svipuð, óháð því hvort um raunorð eða tilbúin orð sé að ræða. Það kemur ekki á óvart að fullorðnir séu með fleiri réttar fleirtöluendingar en börnin.

Nokkur frávik eru í svörum fullorðna fólksins. Það er líklegt en börnin til að bera orðin saman við önnur orð sem hafa svipaða hljóðfræðilega byggingu, t.d. orðið *bús* borið saman við *mús*. Það bendir til þess að fullorðnir noti fleirtölumark til að mynda fleirtölu. Stundum eiga þau erfitt með að finna einhver orð til að miða við og koma því oft fram fleiri tilbrigði en meðal barnanna. Flokkar *-ar* og *-ur* hafa mörg frávik í svörum tilbúinna orða.

Tafla 5: Hlutfall réttra svara raunorða og tilbúinna orða, hvers einstaklings fyrir sig.

Nr. fullorðins	kyn	Rétt raunorð (hlutfall)	Rétt tilbúin orð (hlutfall)
1	kvk	94%	75%
2	kvk	94%	63%
3	kvk	100%	75%
4	kvk	94%	69%
5	kvk	94%	94%
6	kvk	100%	63%
7	kvk	94%	63%
8	kk	94%	63%
9	kk	94%	69%
Meðaltal		96%	70%

6.3 Úrlausnir barnanna og fullorðinna eftir beygingarflokkum

Svör barna og fullorðinna voru unnin á svipaðan hátt. Þau voru sett upp í eins töflur sem sýndu dreifingu svaranna, annars vegar réttra svara og hins vegar eftir beygingarendingu.

6.3.1 Svör barnanna

Í töflu 6 má sjá svör barnanna við þeim orðum sem prófuð voru sem hafa reglulega beygingu, þ.e. beygingarendingin er það eina sem breytist við myndun fleirtölunnar. Í töflu 7 má sjá svör barnanna við þeim orðum sem prófuð voru sem hafa breytingu í stofni og/eða hljóðvarp.

Tafla 6: Orð með reglulega beygingu. Svör barnanna í prófinu.

orð	rétt svör (1)	-ar (2)	-ir (3)	-ur (4)	Ø (5)	annað (6)
sterk <i>hundur</i>	13				1	
kk. <i>selur</i>	2	9			2	1
<i>krandur</i>	5				9	
<i>tamur*</i>	1	9			4	
veik <i>fáni</i>	12		1		1	
kk. <i>krakki</i>	11		3			
<i>neli</i>	7		4		3	
<i>tessi</i>	4		4			
sterk <i>skeið</i>	11				3	
kvk. <i>hurð*</i>		8			6	
<i>geit</i>	3	4	2		5	
<i>híf</i>	4			1	9	
<i>gros</i>	1	2		1	10	
<i>bús</i>	1	6			7	
veik <i>kona</i>	11	2			1	
kvk. <i>sápa</i>	9	3			2	
<i>gúsa</i>	4	8			2	
<i>kíma</i>	4	7			3	
sterk <i>kerti</i>	13					1
hk. <i>ljón</i>	13	1				
<i>buni</i>	6	6	1	1		
<i>lún</i>	12	1				
veik <i>auga</i>	5				9	
hk. <i>eyru</i>	6				7	
fjöldi svara	158	66	15	3	84	2


Tafla 7: Orð sem hafa hljóðvarp og/eða breytingu í stofni. Svör barnanna í prófinu.

orð	rétt svör (1)	+ar (2)	+ur (3)	+ir (4)	annað (5)	án hljóðv. (6)
sterk <i>kjóll</i>	8	5			1	
kk. <i>teill</i>	3	11				
<i>hamar</i>	3	10		1		
<i>mogar</i>		14				
sterk <i>sög</i>					7	7
kvk. <i>röl</i>		1	1		12	
veik <i>panna</i>	7	4			1	2
kvk. <i>darga</i>	4	9				1
sterk <i>tjald</i>	3	1				10
hk. <i>darm</i>		2			1	11
fjöldi svara	28	57	1	1	22	31

Þau orð sem hafa stjörnumerki aftan við orðið í töflu 6 verður nánar fjallað um í niðurstöðum viðeigandi beygingarflokks hér á eftir, þ.e. í köflum 5.4 og 5.5.

Í töflu 6 má sjá flokk númer 5 eða Ø. Í þann flokk féllu þau orð sem börnin sögðu óbreytt í fleirtölu. Þessi flokkur er örlítið vafaatriði þar sem algengt er að börn sem þekkja ekki fleirtölumyndina endurtaki eintölumyndina. Það má því taka niðurstöðum flokks sterkra hvorugkynsorða með gát, þar sem ómögulegt er að skera úr um hvort barnið hafi vitað réttu beygingarmyndina eða endurtekið eintölumyndina, þar sem orð í þeim flokki eru eins í eintölu og fleirtölu. Þetta á þó aðeins við orð sterkra hvorugkynsorða sem innihalda ekki hljóðvarp.

Eins og sjá má í töflu 7 eru tvö svör barnanna sem falla í flokkinn „annað“. Í þennan flokk féllu þau orð sem pössuðu ekki í aðra flokka í töflunni. Þar má nefna orðið *selur* sem fékk fleirtölubeyginguna **sel* í fleirtölu og orðið *kerti* sem fékk fleirtölubeyginguna **kerta*. Í töflu 6 eru orðin fleiri, enda hafa orðin í þessari töflu óreglulegar beygingar. Orðið *kjöll* fékk fleirtölubeyginguna **kjóllar* og orðið *panna* fékk beyginguna **pönu*. Það orð sem fékk allra fjölbreyttustu fleirtölubeyginguna var orðið *sög*. Börnin gáfu því fleirtölubeyginguna **sagar* (1 barn), **sögur* (4 börn) og **sögar* (1 barn). Orðið *darm* fékk eina óvenjulega fleirtölubeygingu, **dörmur*.



Mynd 4: Hlutfall réttra svara raunorða og tilbúinna orða eftir beygingarflokkum.

6.3.2 Svör fullorðinna

Breytileiki svara var ekki eins mikill meðal fullorðinna og barna. Þær niðurstöður koma lítið á óvart þar sem fullorðnir einstaklingar hafa yfirleitt náð tókum á myndun fleirtölu. Í töflu 8 má sjá niðurstöður fullorðinna fyrir þau orð sem hafa reglulega beygingu og í töflu 9 þau orð sem hafa breytingu í stofni og/eða hljóðvarp.

Tafla 8: Orð með reglulega beygingu. Svör fullorðinna í prófinu.

	orð	rétt svör (1)	-ar (2)	-ir (3)	-ur (4)	Ø (5)	annað (6)
sterk kk.	<i>hundur</i>	9					
	<i>selur</i>	9					
	<i>krandur</i>	8		1			
	<i>tamur</i>	1	6				2
veik kk.	<i>fáni</i>	9					
	<i>krakki</i>	9					
	<i>neli</i>	9					
	<i>tessi</i>	9					
sterk kvk.	<i>skeið</i>	9					
	<i>hurð</i>	2	7				
	<i>geit</i>	9					
	<i>híf</i>	6			3		
	<i>gros</i>	4	1		4		
	<i>bús</i>	2		1			6
veik kvk.	<i>kona</i>	9					
	<i>sápa</i>	9					
	<i>gúsa</i>	9					
	<i>kíma</i>	9					
sterk hk.	<i>kerti</i>	9					
	<i>ljón</i>	9					
	<i>buni</i>	2		1			6
	<i>lún</i>	9					
veik hk.	<i>auga</i>	9					
	<i>eyru</i>	9					
fjöldi svara		178	14	3	7	0	14


Tafla 8: Orð sem hafa hljóðvarp og/eða breytingu í stofni. Svör fullorðinna í prófinu.

	orð	rétt svör (1)	+ar (2)	+ur (3)	+ir (4)	annað (5)	án hljóðv. (6)
sterk kk.	<i>kjöll</i>	9					
	<i>teill</i>	9					
	<i>hamar</i>	9					
	<i>mogar</i>	3	6				
sterk kvk.	<i>sög</i>	9					
	<i>röl</i>	2		5	1	1	
veik kvk.	<i>panna</i>	9					
	<i>darga</i>	9					
sterk hk.	<i>tjald</i>	9					
	<i>darm</i>	9					
fjöldi svara		84	6	5	1	1	0

Eins og fyrr segir var sama flokkun notuð fyrir niðurstöður fullorðinna. Athygli vekur að þau orð meðal fullorðinna sem hafa einhvern breytileika í beygingu eru oft ekki þau sömu og hafa breytileika í beygingu í svörum barnanna. Má þar nefna orðin *bús*, *buni* og *röl*. Aðeins tveir fullorðnir mynda rétta fleirtölu af orðinu *bús* en alls eru fimm manns sem mynduðu fleirtöluna **býs* og einn fleirtöluna **bússur*. Orðið *bús* var líklega borið saman við orðið *mús*, sem er *mýs* í fleirtölu. Athyglisvert var að þeir einstaklingar sem notuðu þessa fleirtölumyndun voru með flest svör rétt í prófinu. Orðið **bússur* er augljóslega hljóðfræðilegt frávik.

Orðið *buni* fékk nokkrar mismunandi útfærslur. fjórir einstaklingar höfðu **bun* sem fleirtölumyndina af orðinu og einn hafði **bunn*, einmitt sami einstaklingur og myndaði **bússur* sem fjallað var um hér ofar. Fleirtölumyndin **bun* bendir til þess að einstaklingar myndi fleirtölu þess orðs eins og það tilheyrði flokki sterkra nafnorða.

Að lokum var það orðið *röl* sem fékk nokkur tilbrigði. Alls voru fimm einstaklingar sem notuðu fleirtölumyndina **rölur*, einn notaði **rölir* og einn notaði eintölumyndina óbreytta, **röl*. Þetta er ólíkt því sem sjá má á svörum barnanna en í öllum tilfellum nema einu endurtaka þau eintölumyndina.



Mynd 5: Hlutfall réttra svara raunorða og tilbúinna orða.

6.4 Karlkynsorð

Á mynd 4 og mynd 5 má sjá samanburð svara raunorða og tilbúinna orða, meðal barna og fullorðinna. Af niðurstöðunum á mynd 4 og í töflum 6 og 7 hér að ofan má álykta að karlkyns *-ar* fleirtöluending sé langalgengust meðal barnanna, bæði meðal orða innan flokksins og meðal orða annarra flokka. Hann er talinn vera sterkasti og auðveldasti flokkurinn. Tveir stórir flokkar hafa þessa fleirtöluendingu, bæði sterk *-ar* beyging og

veik *-ar* beyging. Það er því líklegast stærsti flokkurinn. Fleirtöluending með *-ar* er því sá flokkur sem börn læra hvað fyrst og alhæfa gjarnan beyginguna fyrir á aðra flokka þegar þau hafa lært regluna. Langflest karlkynsorð sem hafa eintöluendinguna *-ur* og hafa einkvæðan stofn fá fleirtöluendinguna *-ar*.³¹

Þau orð sem hafa sérstakar reglur, þ.e. styttingu í stofni eða hljóðbreytingu, eru alla jafna erfiðari og lærast seinna en hin, sbr. *kjóll* og *teill*. Fleirtölubeygingar þessara orða lærast jafnvel utan að í stað þess að börn læri einhverjar ákveðnar reglur. Orð sem hafa *-r* í bakstöðu í stofni lærast líka seinna, sbr. *hamar* og *mogar*. Reglur þessara orða virðast ekki vera mjög virkar meðal barnanna en aðeins þrjú börn nota hana í svörum sínum sbr. orðið *hamar*. Allt fullorðna fólkið notar *-r* í bakstöðu í raunorðinu en aðeins þrír í tilbúna orðinu.

Notkun fleirtöluendingarinnar *-ir* er ekki mjög algeng meðal barna á þessum aldri en aðeins eru tvö rétt svör við fleirtölumyndinni *selur*. Sú ending virðist því koma seinna inn hjá börnum. Meðal fullorðinna vefst tilbúna orðið *tamur* fyrir þeim og aðeins einn myndar rétta fleirtölu. Mögulegt er að fullorðna fólkið sé að bera orðið saman við önnur orð í flokki sterkra karlkynsorða sem hafa *-ar* í fleirtölu.

Veiku karlkynsorðin komu áberandi best út meðal allra beygingarflokkanna. Í þeim flokki voru aðeins orð sem hafa fleirtöluendinguna *-ar* höfð með þótt þjóðernisorð eins og *Dani* tilheyri vissulega þessum flokki ásamt orðum sem enda á *-andi*. Þau orð eru hins vegar ekki mjög algeng í máli barna á aldrinum 3-4 ára og því þótti ekki nauðsynlegt að hafa þau með hér. Svör barnanna sýndu þó greinilega að þau hafa náð góðum tókum á orðum í flokki veikra karlkynsorða hvað raunorðin varðar, þótt beygingarending raunorðanna sé á reiki.

Niðurstöður orðsins *tamur* eru nokkuð áhugaverðar og er beyging orðsins líklega vafamál og sést það sérstaklega á niðurstöðum fullorðinna. Flest allir segja að fleirtala orðsins sé **tamar* en ekki *tamir*. Beygingarmyndin *tamir* er þó talin vera rétt þar sem orðið átti að endurspeglar raunorðið *selur* sem er *selir* í fleirtölu. En þar sem orðið *tamur* er sambærilegt orðum í flokki sterkra karlkynsorða sem fá fleirtöluendinguna *-ar* er skiljanlegt að niðurstöðurnar séu eins og raun ber vitni. Það mætti því láta niðurstöður þess orðs liggja milli hluta, þ.e. hver hin rétta beygingarmynd er, en að því gefnu að orðið eigi að endurspeglar orðið *selur* er rétt beygingarmynd talin vera *tamir* í fleirtölu.

³¹ Margrét Jónsdóttir. 1993. Um ar- og ir-fleirtölu karlkynsorða í nútímaíslensku, bls. 94.

6.5 Kvenkynsorð

Kvenkynsorð sem enda á *-a* í eintölu fá yfirleitt alltaf rétta *-ur* endingu í fleirtölu meðal barnanna, að minnsta kosti meðal raunorðanna. Það mætti því gera ráð fyrir að veik kvenkynsorð sem enda á *-ur* í fleirtölu sé virkasti flokkurinn meðal kvenkynsorða. Þessi flokkur vefst þó örlítið fyrir börnunum þar sem hann inniheldur orð með u-hljóðvarpi, sbr. orðið *panna*. Börn á þessum aldri virðast því enn eiga í erfiðleikum með að nota u-hljóðvarp í fleirtölumyndun.

Næst sterkasti flokkur fleirtölumyndunar meðal barnanna er sterk *-ar* beyging. Börn velja þessa endingu mjög oft á orð sem hafa aðra endingu. Mögulega eru þetta einhvers konar áhrif frá karlkynsflokknum enda er hann mjög sterkur í beygingarmynduninni.

Orð sem hafa sterka beygingu og *-ir* í fleirtölu, sbr. *hurð*, og sterka beygingu og *-ur* í fleirtölu, sbr. *geit*, eru mjög óvirkir flokkar meðal barnanna. E.t.v. læra þau frekar einstakar myndir þessara flokka heldur en að þeir lærist smátt og smátt. Það sama má segja um þau orð sem innihalda hljóðbreytingu, sbr. *panna*. Í niðurstöðum fullorðinna í töflu 8 hér að ofan má sjá að aðeins tveir mynda rétta fleirtölu af orðinu *hurð*, þ.e. *hurðir*, en sex mynda fleirtöluna **hurðar*. Sú fleirtala er ekki rétt miðað við BÍN en þar er aðeins gefin upp ein fleirtölumynd orðsins *hurð*. Í máli barnanna er skiljanlegt að þau velji að nota *-ar* endinguna í *hurð* þar sem hún er nokkurs konar almenn fleirtöluending í máli þeirra fyrst um sinn.

Athyglisvert er skoða niðurstöður orðsins *gros*, en fjórir fullorðnir einstaklingar mynda fleirtölu þess orðs með *-ur* en aðeins eitt barnanna, sem kemur heim og saman við þær niðurstöður að *-ur* flokkur kvenkynsorða er virkasti flokkurinn. Í flestum tilfellum endurtóku börnin hins vegar eintölumyndina óbreytta. Það bendir til þess að endurtekning eintölnunnar átti sér líklega stað ef börnin þekktu ekki orðið.

Margrét Jónsdóttir (1988) setti fram þá tilgátu að kvenkynsorð fá *-ir* fleirtölu ef þau hafa sérhljóðana *-ú-*, *-o-*, *-ö-*, *-a-*, *-au-*, *-æ-*, *-ó-* eða *-á-* í stofni orðsins. Orð með *-i-* og *-í-* fá fleirtöluendinguna *-ar* og orð með *-y-*, *-e-* og *-ey-* fá endinguna *-jar*. Ekki er þó hægt að draga ályktanir með sem hafa *-ý-* og *-u-* þar sem fá dæmi eru um orð í þeim flokki.³² Í þessari rannsókn eru þó ekki nógu mörg orð til að hægt sé að sannreyna þessa tilgátu. Þegar á heildina er litið mynda börnin þó yfirleitt fleirtölu sterkra kvenkynsorða með endingunni *-ar* þótt tilbúnu orðin séu yfirleitt endurtekin í óbreyttri mynd. Það

³² Margrét Jónsdóttir. 1988. Um ir- og ar-fleirtölu einkvæðra kvenkynsorða í íslensku, bls. 64.

sýnir að beygingarendingin *-ir* er ekki mjög algeng meðal barnanna þótt tilgátur Margrétar kveði á um að *-ir* ending sé algeng meðal kvenkynsorða.

Orðið *röl* fékk nokkur mismunandi tilbrigði meðal fullorðinna eins og fjallað var um hér ofar. Þótt allir einstaklingarnar séu með fleirtölumyndina af *sög* rétt eru aðeins tveir með réttu fleirtöluna af *röl* og aðeins einn með fleirtöluna **röli*. Það bendir ekki aðeins til þess að fullorðnir eigi í erfiðleikum með hljóðbreytingar í tilbúnum orðum heldur einnig að *-ir* flokkurinn sé nokkuð óvirkur og þau orð sem eru í þeim flokki, ásamt því að hafa hljóðbreytingu í stofni séu lærd utan að.

6.6 *Hvorugkynsorð*

Flokkur veikra *-u* orða er ekki eins sterkur og ætla mátti, sérstaklega þar sem þar eru orð sem börn eru mjög vön að nota og engin tilbúin orð. Það má líklega skýra með því hversu sjaldgæfur hann er og í raun óvirkur, en þess vegna voru engin tilbúin orð notuð í þeim flokki. Flokkur sterkra hvorugkynsorða er endingarlaus, þ.e. \emptyset , er mjög sterkur og tekur raunar yfir hvorugkynsbeyginguna. Það er þó athyglisvert að sjá að aðeins sex börn mynda rétta fleirtölu af tilbúna orðinu *buni*. Jafnvinsæl er endingin *-ar* og rennir það enn betri stoðum undir það sem áður var sagt um sterka *-ar* beygingu. Sterku hvorugkynsorðin sem innihalda hljóðbreytingu, sbr. *tjald* og *darm*, vefjast nokkuð fyrir þeim. Sá flokkur er því nokkuð óvirkur meðal barnanna.

Svör allra fullorðna voru rétt í flokki hvorugkynsorða. Sterku orðin eru sem fyrr segir endingarlaus og svo inniheldur flokkur veikra orða aðeins fá orð og er nokkuð lokaður flokkur. Þær niðurstöður voru í samræmi við það sem vænta mátti.

6.7 *Samantekt*

Eins og vænta mátti eru börnin oftast með þau orð rétt sem hafa enga beygingarendingu í fleirtölu, þ.e. eru eins í eintölu og fleirtölu. Það má þó ekki gleyma því að oft endurtaka börn á þessum aldri eintöluna óbreytta og sá sérstaklega ef þau vita ekki fleirtöluna. Börnin eiga það einnig til að alhæfa beygingarendinguna *-ar* yfir á aðra beygingarflokka þar sem sú beygingarending er algengust.

Eins og sjá má í töflu 9 eru orð sem hafa beygingarendinguna *-ar* algengasta beygingarendingin ásamt engri beygingarendingu, þ.e. orð sem eru eins í eintölu og fleirtölu. Næst á eftir kemur fleirtöluendingin *-ur* en *-ir* endingin rekur lestina.

Tafla 9: Orðum raðað í stigminnkandi röð eftir fjölda réttra svara barnanna.

orð	rétt svör	beygingarending
<i>hundur</i>	13	-ar
<i>kerti</i>	13	∅
<i>ljón</i>	13	∅
<i>fáni</i>	12	∅
<i>lún</i>	12	∅
<i>krakki</i>	11	-ar
<i>skeið</i>	11	-ar
<i>kona</i>	11	-ur
<i>sápa</i>	9	-ur
<i>kjóll</i>	8	-ar
<i>neli</i>	7	-ar
<i>panna</i>	7	-ur
<i>buni</i>	6	∅
<i>eyru</i>	6	∅
<i>krandur</i>	5	-ar
<i>auga</i>	5	-u
<i>tessi</i>	4	-ar
<i>híf</i>	4	-ur
<i>gúsa</i>	4	-ur
<i>kíma</i>	4	-ur
<i>darga</i>	4	-ur
<i>geit</i>	3	-ur
<i>teill</i>	3	-ar
<i>hamar</i>	3	-ar
<i>tjald</i>	3	∅
<i>selur</i>	2	-ir
<i>tamur</i>	1	-ir
<i>gros</i>	1	-ir
<i>bús</i>	1	∅
<i>hurð</i>	0	-ir
<i>mogar</i>	0	-ar
<i>sög</i>	0	-ir
<i>röl</i>	0	-ir
<i>darm</i>	0	∅

Það mætti því segja að börn eigi auðveldast með að mynda fleirtölu sterkra karlkyns- og hvorugkynsorða þar sem orð í þessum flokki raða sér efst á listann í töflu 9. Næst á eftir koma veik karlkynsorð og svo sterk og veik kvenkynsorð. Í flokki sterkra hvorugkynsorða eru orð sem hafa enga beygingarendingu og því er erfitt að segja til um

hvort barn viti að svoleiðis eigi það að vera eða hvort það sé að endurtaka eintölumyndina óbreytta óháð reglunni eins og algennt er hjá börnum á þessum aldri, sérstaklega þegar þau þekkja ekki orðið eða vita ekki beygingarendinguna.

7 Niðurlag

Í þessari ritgerð var fjallað um rannsókn sem gerð var á fleirtölumyndun barna en hún fólst í því að fleirtölupróf var lagt fyrir 14 börn á aldrinum 3-4 ára. Niðurstöðurnar sýna að ekki er hægt að tala um að fleirtölumyndu þróist mikið á þessum aldri en of fá börn voru könnuð til að þetta kæmi skýrt fram. Fleirtölumyndun þeirra er að einhverju leyti einstaklingsbundin og óháð aldri. Þetta staðfestir ekki þær niðurstöður sem fram hafa komið í fyrri rannsóknum á sama efni, þ.e. að fleirtölumyndun barna á þessum aldri hafi jákvæða þróun. Ef fleiri börn hefðu tekið þátt hefði líklega verið hægt að koma auga á einhverja þróun í fleirtölumynduninni líkt og sýnt hefur verið fram á í fyrri rannsóknum.

Algengast er að börn á þessum aldri noti eintölumyndina óbreytta þegar þau mynda fleirtöluna en einnig alháfa þau beygingarendinguna *-ar* yfir á orð annarra beygingarflokka, t.d. orð í flokki sterkra kvenkynsorða eins og *hurð*. Telja má að það sé nokkurs konar almenn fleirtöluending í máli ungra barna. Þau hafa einnig mikla tilhneigingu til að nota beygingarendinguna *-ar* þar sem endingin *-ir* ætti að vera, sbr. orðið *geit*. Óalgengar beygingarendingar og orð sem hafa óreglulega fleirtölubeygingu reynast börnunum erfiðar, líkt og orð sem hafa breytingu í stofni, s.s. brottfall eða hljóðbreytingu. Þetta eru orð eins og *hamar - hamrar* (brottfall sérhljóðs í stofni á undan beygingarendingu), *tjald - tjöld* (hljóðvarp) og *sög - sagir* (hljóðbreyting og beygingarendingu bætt við).

Barn tileinkar sér ekki allar reglur fleirtölubeygingar í einu heldur lærir það fyrst þær reglur sem tilheyra algengustu og stærstu beygingarflokkunum. Í fyrstu hneigjast þau jafnvel til að nota eitt og sama formið og því tákni beygingarendingin *-ar* fleirtölu almennt. Með tíð og tíma átta þau sig þó á að dreifing fleirtöluendinga er háð ákveðnum skilyrðum, bæði með tilliti til sérhljóða og fjölda samhljóða, þ.e. hvort fjöldi samhljóða á eftir stofnsérhljóði skipti máli þegar beygingarending er ákvörðuð.³³ Niðurstöðurnar benda til, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, að börn á þessum aldri geta náð tókum á þeim reglum sem gilda um hvaða beygingarendingu skuli skeytt aftan við orð í ákveðnum beygingarflokkum til að mynda rétta fleirtölu.³⁴

Þegar skoðað er hvað lærist fyrst sést að algengustu og einföldustu orðin, þ.e. orð sem eru eins í eintölu og fleirtölu og orð án hljóðbreytinga í stofni, eru meðal þeirra ásamt algengustu og einföldustu flokkunum. Reglurnar koma því seinna í þróunarferli fleirtölunnar heldur en einfaldar myndir orða en með tíð og tíma verður reglunotkunin

³³ Margrét Jónsdóttir: Um ar- og ir-fleirtölu karlkynsorða í nútímaíslensku, bls. 90-94.

³⁴ Sigríður Sigurjónsdóttir: Beyging í máli íslenskra barna: Drög að beygingaprófi [...], bls. 23.

meiri og sértækari. Sem dæmi má nefna orðið *sög* en nokkur börn mynduðu fleirtöluna **sögur* eða **sagar*. Til að mynda rétta fleirtölu þarf ekki aðeins að beita hljóðvarpi heldur þarf að skeyta réttri beygingarendingu aftan við. Hér hafa börnin þó einungis notað annaðhvort, þ.e. bætt við beygingarendingu eða beitt hljóðvarpi, en ekki hvoru tveggja. Ætla má að börn ættu auðvelt með þau orð sem hafa u-hljóðvarp þar sem *-u* er í beygingarendingu (sbr. *panna - pönnur*) þar sem það mætti hugsa sem hljóðkerfisreglu. Annað gildir um u-hljóðvarp sem er beygingarmynd orðs (sbr. *tjald - tjöld*).

Dæmi um reglunotkun má sjá meðal barnanna þegar tilbúnu orðin eiga í hlut, t.d. í orðunum *krandur* og *neli* þar sem mörg börnin nota réttu fleirtöluendingarnar, þ.e. *nelar* og *krandar* en þessi orð tilheyra flokki sterkra karlkynsorða og veikra karlkynsorða. Orðið *húf* sem tilheyrir flokki sterkra kvenkynsorða fær nokkrum sinnum rétta fleirtöluendingu og eins orð sem tilheyra flokki veikra kvenkynsorða en það eru orð ens og *gúsa*, *kíma* og *darga*. Í orðinu *darga* þurfa börnin ekk aðeins að breyta um beygingarendingu heldur þurfa þau líka að nota u-hljóðvarp til að mynda fleirtöluna sem er *dörgur*.

Í tilbúnu orðunum hafa börnin mikla tilhneigingu til að nota beygingarendinguna -ar þar sem endingin -ir ætti að vera, sbr. orðið *tamur*, sem er *tamir* í fleirtölu og á að endurspegla raunorðið *selur*. Það er í samræmi við niðurstöður fyrir orðið *selur* og því bendir til þess að börn hafi ekki náð fullum tókum á -ir endingunni þótt hún sé nokkuð algeng í málinu. Eins og fram kom hér að framan er beyging orðsins *tamur* líklega vafamál, þ.e.a.s. hver rétt fleirtölubeyging orðsins er. Það endurspeglar orðið *selur* en er samt sem áður líkt öðrum sterkum karlkynsorðum sem fá fleirtöluendinguna -ar.

Athyglisvert er að skoða tilbúna orðið *teill* sem vefst fyrir börnunum en það á að endurspegla orðið *kjöll*. Svo virðist sem börnin eigi auðvelt með að mynda fleirtöluna *kjólar* en fleirtalan fyrir *teill*, eða *teilar*, vefst fyrir þeim. Í flestum tilvikum segja þau **teillar* og því má ætla að þau hafi ekki náð að tileinka sér regluna um fjölda samhljóða á undan sérhljóði, þ.e. hafa ekki náð tókum á stofnbreytingunni sem þarf til að mynda fleirtöluna. Þau velja samt sem áður rétta beygingarendingu og bendir það til þess að þau eru farin að nota þá fleirtöluendingu í samræmi við beygingarflokk orðsins. Það að þau skuli mynda fleirtöluna *kjólar* rétt bendir til þess að þau læri stofnbreytingar algengra orða í málinu án þess að vita regluna sem liggur að baki.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal þó taka með fyrirvara þar sem fá börn voru könnuð, eins og fram kom hér að framan. Athugunin ætti þó að geta gefið einhverjar

vísbendingar um þær tilhneigingar sem ríkja í beygingu íslenskra barna og hvernig íslensk börn læra fleirtölubeygingu orða.

8 Heimildaskrá

- Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. 1980. Athugun á fleirtölu í barnamáli. *Mímir* 28. bls. 29-45.
- Áslaug J. Marinósdóttir. 1983. *Tölumyndir nafnorða í nefnifalli hjá íslenskum börnum*. Óprentuð B.A.-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. 2002. Gagnasafn íslenskra beygingarmynda. Sótt 14. janúar 2016 af <http://bin.arnastofnun.is/forsida/>.
- Berko-Gleason, Jean. 1958. The Child's Learning of English Morphology. *Word* (14): 150-177.
- Classroom Clipart*. 2009. Free clipart. Sótt 17. nóvember 2015 af <http://classroomclipart.com/clipart/Clipart.htm>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. Íslensk málfræði. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík
- Guðrún Kvaran. 2005. *Íslensk tunga II*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Rit Kennaraháskóla Íslands, A-flokkur: Rannsóknarritgerðir og skýrslur 1, Reykjavík.
- Margrét Jónsdóttir. 1988. Um ir- og ar-fleirtölu einkvæðra kvenkynsorða í íslensku. *Íslenskt mál* 10-11:57-83.
- Margrét Jónsdóttir. 1993. Um ar- og ir-fleirtölu karlkynsnafnorða í nútímaíslensku. *Íslenskt mál* 15:77-98.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 1986. *Beyging í máli íslenskra barna: Drög að beygingaprófi eftir Höskuld Þráinsson og Sigríði Magnúsdóttur lögð fyrir 31 barn á aldrinum þriggja til átta ára*. Prófritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

O'Grady, William. 2005. *How Children Learn Language*. Cambridge Approaches to Linguistics, Cambridge University Press, Cambridge

Viðauki 1: Upplýsingablað til foreldra

Fleirtölumyndun í íslensku Myndun fleirtölu hjá börnum við 3-4 ára aldur

Kæru foreldrar/forráðamenn

Hér með óska ég eftir þátttöku barns þíns í verkefni sem er hluti af B.A. ritgerð minni í íslensku við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn í þessari rannsókn er Jóhannes Gísli Jónsson prófessor í íslenskri málfræði. Verkefnið felst í athugun á fleirtölumyndun nafnorða þar sem skoðuð verða börn á aldrinum 3-4 ára. Í þátttökunni felst að B.A. nemi í íslensku fái að leggja prófþættina fyrir barnið á leikskólatíma.

Prófinu er ætlað að varpa ljósi á notkun beygingarendinga fleirtöluorða barna. Hönnun prófsins er eftir sambærilegu prófi sem lagt var fyrir 200 börn um allt land á árunum 1980-1983 af Indriða Gíslasyni o.fl sem ber nafnið *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjögurra og sex ára aldur*. Markmiðið með prófinu er að skoða þróun fleirtöluorðanna með hliðsjón af máli barna á aldrinum 3-4 ára. Athugað er hvernig frávikum í máli barna fer fækkandi eftir aldri barnsins ásamt því að skoða stöðu hinna ýmsu beygingarflokka og hvort og hvernig þau raða nýjum orðum inn í beygingarflokkana.

Ef leyfi fyrir þátttöku fæst er fyrirhugað að hitta barnið á leikskólatíma í u.þ.b. 15-20 mínútur og leggja fyrir það prófatriði. Barninu verða sýndar myndir og það beðið um að segja hvað er á myndunum.

Séu einhverjar frekari fyrirspurnir af þinni hálfu, endilega hafðu samband við aðstandanda rannsóknarinnar.

Virðingarfyllst,
með von um góðar undirtektir,

Ásdís Geirsdóttir (asg35@hi.is), B.A. nemi í íslensku

Samþykki til þátttöku vegna rannsóknarinnar:
Fleirtölumyndun í íslensku - Myndun fleirtölu hjá börnum við 3-4 ára aldur

Undirskrift þín gefur til kynna að þú samþykkir þátttöku barns þíns í þessari rannsókn. Fyllsta trúnaðar verður gætt og greinanlegar persónuupplýsingar koma hvergi fram.

Ég, undirrituð/aður, veiti samþykki mitt fyrir því að barnið mitt
_____ (nafn barns) taki þátt í ofangreindu verkefni. Með undirskrift minni staðfesti ég einnig að ég hef lesið upplýsingablað vegna rannsóknarinnar.

Staður, dagsetning _____

Undirskrift forráðamanns _____

Viðauki 2: Orðalisti

Barn nr: _____ Aldur: _____

1. hundur	
2. tessi	
3. kjóll	
4. skeið	
5. auga	
6. bús	
7. mogar	
8. sápa	
9. híf	
10. tjald	
11. krakki	
12. panna	
13. darm	
14. kona	
15. lún	
16. hurð	
17. eyra	
18. darga	
19. neli	
20. geit	
21. teill	
22. sög	
23. krandur	
24. kerti	
25. hamar	
26. gúsa	
27. ljón	
28. fáni	
29. gros	
30. buni	
31. selur	
32. kíma	
33. röl	
34. tamur	